

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 890/2016 um doktorsnám og doktorspróf við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

2. og 3. másl. staflíðar a í 16. gr. reglnanna, undir „Form doktorsritgerðar“, breytast og orðast svo: Slík ritgerð skal byggð á ígildi a.m.k. þriggja vísindagreina sem hafa verið birtar, samþykktar eða sendar til birtingar í viðurkenndum ritrýndum tímaritum. Skulu ekki færri en tvær greinar vera endanlega samþykktar til birtingar af ritstjórnnum ritrýndra tímarita.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu heilbrigðisvísindasviðs, eru settar í samræmi við VI. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar hafa verið samþykktar af deildum heilbrigðisvísindasviðs, stjórn fræðasviðsins og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 4. október 2019.*

**Jón Atli Benediktsson.**

\_\_\_\_\_  
*Dórður Kristinsson.*